



Fréttatilkynning frá
Skrifstofu forseta Íslands

NÝIR TÍMAR
ÁRSPING ÞJÓÐRÆKNISFÉLAGS VESTUR-ÍSLENDINGA
LISTAHÁTÍÐ Í WINNIPEG

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í fyrradag, föstudaginn 27. apríl, setningarræðu á ársþingi Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (Icelandic National League). Þjóðræknisfélagið er samtök Íslendingafélaga í Bandaríkjunum og Kanada og var fjölmenn fulltrúasveit þeirra samankomin í Winnipeg þar sem þingið er haldið.

Í ræðu sinni rakti forsetinn ítarlega þann árangur sem náðst hefur á síðustu tíu árum til að efla tengsl milli íslensku þjóðarinnar og fólks af íslenskum ættum í Vesturheimi og hvernig fjölbreytni þeirra hefur aukist á margvíslegan hátt. Forsetinn minnti á að í innsetningarræðu sinni 1. ágúst 1996 hefði hann lagt áherslu á mikilvægi þessara samskipta. Á fyrstu árum í embætti hefði hann heimsótt fjölmargar Íslendingabyggðir í Bandaríkjunum og Kanada og flutt þann boðskap að leita þyrfti nýrra leiða sem tryggðu að yngri kynslóðir öðluðust samskonar tilfinningu fyrir Íslandi og hinar eldri, þekkingu á þeim tækifærum sem Ísland nútímans býði og lærðu að meta náttúru landsins og sérkenni.

Í ræðunni nefndi forseti fjölmarga atburði og viðfangsefni á nýliðnum árum sem skilað hefðu miklum árangri og áréttaði að mikilvægasta verkefni framtíðarinnar væri að treysta tengsl Vestur-Íslendinga við Ísland nútímans. Í því efni beindi forseti einkum sjónum að þremur sviðum.

Í fyrsta lagi viðskiptum en athafnamenn af íslenskum ættum og fyrirtæki þeirra ættu nú kost á samvinnu við fjölþætta sveit íslenskra fyrirtækja sem náð hefðu frábærum árangri á alþjóðlegum mörkuðum.

Opnun útibús Landsbanka Íslands í Winnipeg á setningardegi ársþingsins væri vitnisburður um áhuga Íslendinga á auknum viðskiptum. Hinn sama boðskap hefði stjórnarformaður Eimskips flutt á morgunverðarfundi sem Viðskiptaráð Winnipeg hefði efnt til.

Í öðru lagi nefndi forsetinn menningu og listir, einkum aukin samskipti ungs listafólks á Íslandi og í Vesturheimi. Listahátíðin „Núna - Now”, sem haldin er haldin í Winnipeg í fyrsta sinn, væri frábær vegvísir til framtíðar í þessum efnunum.

Í þriðja lagi rakti forseti aukin tækifæri á sviði vísinda og tækni og ítrekaði hvatningu sem hann flutti daginn áður á fjölsótttri samkomu í Manitoba háskólanum, um að rannsóknir á sviði loftslagsbreytinga og nýrrar tækni til að hamla gegn þeim, féllu vel að sameiginlegum hagsmunum Kanada og Íslands vegna legu beggja landa á Norðurslóðum þar sem áhrifa þessara breytinga gætti hvað mest.

Í heimsókn sinni til Winnipeg tók forseti þátt í fjölmörgum öðrum atburðum. Hann flutti ræðu um þróun og sóknarfæri íslensks viðskiptalífs á morgunverðarfundi sem viðskiptaráð borgarinnar efndi til og svaraði þar fjölmörgum fyrirspurnum. Aðrir frummælendur á fundinum voru Halldór Kristjánsson bankastjóri Landsbankans og Magnús Þorsteinsson stjórnarformaður Eimskips.

Þá átti forseti viðræður við Gary Doer forsætisráðherra Manitoba fylkis og flutti ávarp í fjölmönnum hádegisverði sem forsætisráðherrann hélt til heiðurs forseta Íslands.

Forseti sótti einnig listasýningar og tónleika sem eru hluti af listahátíðinni „Núna - Now” og átti viðræður við fjölmarga unga listamenn, íslenska og kanadíska, sem taka þátt í hátíðinni. Þá ræddi forseti einnig við fjölmiðla, sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar og dagblöð, sem sýndu hinum nýja kafla í langri samskiptasögu Íslands og Manitoba mikinn áhuga. Fréttamenn höfðu jafnframt mikinn áhuga á því að ræða við forseta um loftslagsbreytingar og hvernig bregðast ætti við þeim.

Setningarræðu forseta á ársþingi Þjóðræknisfélagsins og ræðuna sem hann flutti á samkomu Manitoba háskólans má nálgast á heimasíðu embættisins.

29. apríl 2007

Nánari upplýsingar um ferð forseta til Kanada veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400).